



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Skipulagsfulltrúi

Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um skýrslu innviðaráðuneytisins um Skerjafjörð

Á fundi borgarráðs þann 27. apríl 2023 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

Nú liggur fyrir niðurstaða starfshóps sem innviðaráðherra skipaði til að meta áhrif nýrrar byggðar í Skerjafirði á flug- og rekstraröryggi Reykjavíkurlugvallar. Það er mat hópsins að byggðin muni að óbreyttu þrengja að og skerða nothæfi Reykjavíkurlugvallar vegna breytinga á vindafari. Starfshópurinn telur þó ekki þörf á að hætta við byggingarhugmyndir í Nýja Skerjafirði og bendir á mögulegar mótvægisáðgerðir. Fulltrúi Flokks fólksins óskar upplýsinga hvað þessar mótvægisáðgerðir kosta og hvað mikið fjármagn hefur tapast í teikniverkefni/verkfræðilega og tæknilega vinnu sem unnin hafa verið byggð á eldra skipulagi en sem er ekki hægt að notast við vegna breytinga sem gera þarf í ljósi mótvægisáðgerðanna? Margar þessara mótvægisáðgerða eru nokkuð umfangsmiklar.

Fyrirspurnin var send umhverfis- og skipulagsráði til meðferðar með tölvupósti, dags. 9. apríl 2023. Fyrirspurnin var lögð fram á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 17. maí 2023 og vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skipulagsfulltrúa.

Svar:

Ekki liggur fyrir á þessari stundu hvort eða að hvaða marki gera þarf breytingar á deiliskipulagi vegna mögulegra mótvægisáðgerða og þar af leiðandi liggur ekkert fyrir um kostnað vegna þeirra

F.h. skipulagsfulltrúa,
Ingvar Jón Bates Gíslason